

## Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um endurgerð brúar yfir Ströngukvísl.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvers vegna var brúin yfir Ströngukvísl á Eyvindarstaðaheiði, sem eyðilagðist í flóðum síðla vetrar árið 2000, ekki endurgerð þegar á sl. sumri eins og Landsvirkjun bar skylda til?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að Landsvirkjun láti endurbæta brúna strax í vor þannig að umferð um hana geti orðið eðlileg næsta sumar?